

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1971

7. apríl 1971.

81

Nr. 32.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 200 milljónum króna.

2. gr.

Eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ráðherra og bankastjórar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

13. apríl 1971.

Nr. 33.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970,
um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti sjö menn, sem skipa skal þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, þrír eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu

A 11